



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Geislabaugur

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	6
3 Sólin	9
3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólarinnar um starfið á síðasta ári.....	9
3.2 Innra mat Sólarinnar.....	9
4 Lindin	11
4.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lindarinnar um starfið á síðasta ári.....	11
4.2 Innra mat Lindarinnar.....	12
5 Lautin.....	14
5.1 Stutt greinargerð deildarstjóra á Lautinni um starfið á síðasta ári	14
5.2 Innra mat Lautin	15
6 Stjarnan	17
6.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnunnar um starfið á síðasta ári	17
6.2 Innra mat Stjörnunnar	18
7 Fjallið	20
7.1 Stutt greinargerð deildastjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári	20
7.2 Innra mat Fjallið.....	20
8 Listasmiðja.....	22
8.1 Greinargerð verkefnastjóra Listasmiðju um starfið á síðasta ári.....	22
9 Meistarar	23
9.1 Stutt greinargerð verkefnastjóra um starf með elstu börnunum á síðasta ári	23
9.2 Innra mat frá verkefnastjóra elstu barna	23
10 Innra mat sérkennslu.....	25
11 Innra mat – fjöltyngd börn	27
12 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	28



13	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	31
14	Foreldrasamvinna.....	31
15	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	31
16	Fylgigögn.....	32
16.1	Fylgiskjal 1 – Dagskrá samstarfs leikskóla og grunnskóla.....	32
16.2	Fylgiskjal 2 – Skóladagatal 2021-2022	34
16.3	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	35



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það má segja að heilt yfir hefur síðasta skólaár gengið nokkuð vel þrátt fyrir fordómalaus tíma. Við vorum hæfilega búin að aðlaga ný börn þegar samkomutakmarkanir, nýjar reglugerðir og hólfaskiptingar í leikskólanum byrjuðu á ný. Það voru stöðugar breytingar og maður fann að þetta hafði áhrif bæði á börn og starfsfólk og jafnvel meira núna en í byrjun árs. Það að vera stöðugt í óvissu er ekki góð tilfinning. Foreldrar máttu ekki koma inn í hús né aðrir utanaðkomandi, við settum upp þrjú hólf og máttum ekki fara á milli hólf. Svona gekk þetta til og frá þangað til í maí þegar fór að aflétta og kennarar að byrja að fá bólusetningar. En við sluppum ótrúlega vel hér í skólanum og hvorki börn né kennarar fengu covid. Einhverjir fóru í sóttkví en mjög fáir samt.

En skólastarfið gekk samt ótrúlega vel og við héldum rútínunni hjá börnunum nokkuð vel. Þau léku sér mikið fóru í svæðaleik, Lubbastundir og Blæstundir. Listasmiðja hélt áfram með einhverjum takmörkunum þegar það var hólfað og ekki hægt að blanda milli hólf. Börnin fóru í göngutúra um nærumhverfið. Söngstundir og val milli deilda var ekki reglubundið það datt út þegar það var hólfaskipting. En þess meira sungið inn á deild. Lítið var um heimsóknir út á við, engar skólaheimsóknir fyrr en fór að líða á vorið, fótboltaæfingar dattu niður og myndlistaskólinn féll niður annað árið í röð.

Við stöndum uppi reynslunni ríkari og betri í að finna lausnir. Mikilvægast er að láta börnin finna sem minnst fyrir óöryggi og ég er sannfærð um að þessi hópur í Geislabaugi hafi gert það afar vel. Er svo óendalega stolt af kennarateyminu okkar hér í Geislabaugi.

Starfsdagar gengu ágætlega en það var orðið lýjandi að hafa starfsdagana á Teams og geta ekki farið út úr húsi á fyrirlestra og námskeið því nánast allt var í gegnum fjarfundi. En það var áskorun sem við tókumst á við og létum ganga upp.

Í janúar byrjuðum við á innleiðingu jákvæðs aga sem kennarahópurinn hafði valið sem eitt verkfæri í sjálfsefningu og félagsfærni en það er þróunarverkefni sem við tókum þátt í og samræmist nýju menntastefnunni *Látum draumana rætast*. Það er Jónína Hauksdóttir sem kennir okkur og kom hún á starfsdag í janúar og var með okkur í heilan dag en við tókum svo aftur upp þráðinn á haustmánuðum og höldum áfram. Í stuttu máli gengur jákvæður agi út á að móta umhverfið í skólanum og heimilunum af umhyggju og gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu.

Við tókum þátt í menntastefnumóti sem haldið var á vegum Skóla- og frístundasviðs þann 10. maí. Við ákváðum að vera með og búa til myndband sem sýnir vel hvernig áherslur menntastefnunnar fléttast inn í starfið í Geislabaugi en þær eru heilbrigði og velferð, læsi, sköpun og félagsfærni og sjálfsefning. Við fengum aðstoð frá Mixtúru við gerð myndbandsins. Á menntastefnumótinu horfðum við öll



saman á myndbandið okkar ásamt fullt af öðrum skemmtilegum og fræðandi erindum sem voru á mótinu.

Það má geta þess að fjórir kennarar hjá okkur stunda nám við Menntavísindasvið og hafa verið á námssamningi en það þýðir að hægt er að stunda nám í Leikskólakennafræðum í fullri vinnu. Er þessi leið hvetjandi fyrir okkar fólk og um leið tækifæri á að mennta fleiri leikskólakennara.

Áherslur næsta árs verða með svipuðu sniði og undanfarið ár, að halda áfram með innleiðingu menntastefnunnar *Látum draumana rætast*. Þar verður áfram aðaláherslan á félagsfærni og sjálfsefningu. Við erum líka í samstarfsverkefni með öllum skólunum í Grafarholti og Úlfarsárdal sem viðkemur læsi og verkefnið heitir: *Orð eru til alls fyrst*. Mikil aukning hefur verið í sérkennslu hér við skólann og höfum við fengið úthlutað 50% auka stöðugildi sérkennslustjóra. Thelma Björgvinsdóttir hefur leyst af sérkennslustjóra í vetur, hana Unni Eðvaldsdóttur sem kemur aftur til starfa þann 15. september, og munu þær tvær því sinna sérkennslustjóra starfinu saman næsta vetur.

Við ætlum að einfalda dagskipulagið hjá okkur þannig að það verði ekki of mörg verkefni og við getum einblínt á meiri samfellu í viðfangsefnum. Flétta Lubba og Blæ meira inn í leikinn og taka ekki of mörg ný verkefni inn heldur gera betur það sem við leggjum áherslu á og samræmist okkar gildum, *sköpun-virðing-gleði-jafnrétti*. Einnig erum við heilsueflandi leikskóli og viljum að það sé sýnilegra í starfinu en það hefur verið að vaxa og dafna undanfarið. Börnin hafa verið að fara mikið í gönguferðir sem krefjast úthalds og athygli á náttúrna í kringum okkur. Viljum halda því áfram og gera það að daglegu starfi ekki bara á „tyllidögum“

Við sjáum loksins möguleika á að hafa allskonar opna viðburði eins og við gerðum alla jafna fyrir covid og bjóða foreldrum upp á ýmsar upptækur og vera áfram hluti af leikskólagöngu barnsins síns.

Ég vil þakka ykkur kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári og hlakka til að starfa með ykkur, kennurum skólans, foreldrum og ekki síst börnunum í Geislabaugi.

Þóra Jóna Jónatansdóttir,
Leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Ýmislegt hefur verið gert til þess að meta leikskólastarfið undanfarna vetur en reglulegt mat fer fram einu sinni í viku á deildarstjórafundum (símat). Þar er farið yfir helstu viðburði og námsþætti líðandi stundar í skólanum og rætt um hvernig hefur gengið og hvað mætti betur fara (gerð umbótaráætlun). Eftir hvern fund er skrifuð fundargerð, henni dreift á allar deildir hússins og allir starfsmenn lesa hana yfir. Með þessu móti hafa allir tækifæri á að fylgjast með gangi mála og koma með athugasemdir inn á næsta fund. Við höfðum aftur í haust endurmat á starfi sumarsins eins og síðastliðið ár og svo aftur í janúar og núna síðast í maí. Það kemur okkur vel á endurmatsdegi deildarstjóra og stjórnenda þegar þeir fara saman yfir starfið á liðnum vetri.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Matstofan	Í litlum hópum þar sem búið var að útbúa spurningar til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Gengur almennt mjög vel. Jafna fjölda barnanna betur á milli deilda og bjóða börnunum fyrr í matstofuna. Flest börnin eru dugleg að borða og eru að eflast í að skammta sér sjálf og ganga frá. Mikil ánægja með að hafa hressinguna einnig uppi í matstofu.
Val milli deilda	Í litlum hópum þar sem búið var að útbúa spurningar til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Starfsfólk og börn eru mjög ánægð með valið. Gengur mjög vel en samræma þarf tíma fyrir tiltekt. Koma með nýjan efnivið, setja upp stöðvar og hafa starfsmann á hverju svæði.
Hvöld	Í litlum hópum þar sem búið var að útbúa spurningar til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Gengur alltaf vel, en starfsfólki finnst ábótavant að það sé ekki hvöld á þeim deildum þar sem börnin sofa ekki, vantar rólega stund fyrir þau börn.
Svæðaleikur	Í litlum hópum þar sem búið var að útbúa spurningar til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Gengur oftast vel. Dettur oft út þegar vantar fólk en þarf að vera stöðugur og í rútínu. Hafa starfsmann á hverju svæði og vera á staðnum til að koma með kveikjur fyrir börnin. Kenna börnunum að ganga frá eftir sig. Hafa fjölbreyttan efnivið í boði.
Útivera	Í litlum hópum þar sem búið var að	Starfsfólk Geislabaugs	Gaman og börnin svo dugleg að leika sér úti og elska þegar vatnsleikur er í boði, mega vera



	útbúa spurningar til þess að meta út frá.		fleiri gönguferðir en það lagaðist þegar fór að vora. Skerpa á skipulaginu úti og að starfsfólk dreifi sér eins og á að gera.
Hreyfistundir	Í litlum hópum þar sem búið var að útbúa spurningar til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Ganga vel , fleiri skipulagðar stundir. Frábært með allan nýja efniviðinn sem er kominn.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun foreldra	Rafrænt	Foreldrar	Kom vel út og heildaránægja með leikskólann er yfir meðaltali. Stjórnun skólans er einnig yfir meðaltali en þátttaka foreldra í leikskólastarfinu kom ekki vel út og það er eins í öllum leikskólum borgarinnar.
Viðhorfskönnun starfsfólks	Rafrænt	Starfsfólk	Meðaltal flest allra þátta kom vel út. Margir þættir höfðu staðið í stað og ekki hækkað milli ára. Það er áskorun sem við tökum fagnandi að bæta okkur enn meira á komandi árum.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Sameiginleg sýn	Að stuðla að sam- eiginlegri sýn okkar á mikilvægi félagsfærni og vera góðar fyrirmyndir	Fræðsla í jákvæðum aga og búa okkur til samskiptareglur	Stjórn- endur	Vetur 2021		Samtöl sem rýnihópur stýrir	Niðurstöður úr viðhorfskönnun
Uppeldis- og menntastarf							
Ný námskrá	Ný námskrá verði gerð	Tökum mið af nýrri menntastefnu Reykjavíkur- borgar	Stjórn- endur og stýrihópur námskrár- gerðar	Vetur 2021	Vorið 2022	Þegar námskrá er tilbúin.	Að starfsfólk tileinki sér nýja námskrá.
Mannauður/ Leikskóla- bragur							
Jákvætt andrúmsloft og móttaka nýrra starfs- manna	Stuðla að jákvæðu andrúmslofti og efla móttöku nýrra starfsmanna	Styðja nýja starfsmenn og stuðla að meira hópefli skemmtanir o.fl. Vera alltaf með gátlista vegna móttöku nýrra starfsmanna frammi, líka deildarstjórar	Allir starfsmenn	Allt árið		Með örsamtölum við starfsfólk.	Viðhorfskönnun.

3 Sólin

3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólarinnar um starfið á síðasta ári

Á Sólinni veturinn 2020-2021 hafa verið 24-25 börn og alls 5 starfsmenn. Starfandi deildarstjóri hætti störfum í lok árs 2020 og tók starfsmaður leikskólans við stöðunni tímabundið þar til nýr deildarstjóri tók við í byrjun árs 2021. Að öðru leyti hefur starfsmanna hópurinn haldist nokkuð stöðugur.

Faglega starfið hefur gengið vel þrátt fyrir þessar breytingar og áhrif covid á skólastarfið í heild. Ákveðið var að vinna þvert á allt starf deildarinnar með hugtakið *vináttu* í huga. Gengið hefur ágætlega að tvinna það inn í starfið almennt og telur starfsfólk deildarinnar að vel hafi gengið að efla félagslegu samskipti barnanna og þau eflst í að tjá hvernig þeim líður hverju sinni. Vel hefur gengið að halda þeim stundum sem áætlaðar eru í vikuskipulaginu eins og Lubba og Blæ stundir. Starfsfólk skólans fékk fræðslu um jákvæðan aga og í kjölfar þeirrar fræðslu var ákveðið að prufa að halda barnafundi þar sem hvetja á börnin til þess að segja sína skoðun og tala á jákvæðan hátt við hvort annað.

Samverustundir hafa verið haldnar einu sinni til tvisvar alla daga skólans, þær hafa verið með mjög fjölbreyttu sniði. Þar hefur meðal annars verið lesið, sungið, sagðar sögur og farið yfir skipulag dagsins. Fallið hefur verið frá því að hafa frjálst sætaval í að skipuleggja sæti barnanna og að starfsmenn sitji hjá þeim börnum sem þess þurfa til þess að auka vellíðan þeirra í stundunum.

Áhersla hefur verið lögð á læsi á fjölbreyttan hátt á deildinni. Unnið hefur verið með Sögugrunninn, greiðari aðgang barnanna að bókum sem þau geta náð í þegar þeim hentar og hafa fengið kennara til að lesa fyrir sig. Eins hafa þau farið í ýmis spil sem efla þau í tjáningu og orðskilningi. Í Lubbastundum hafa börnin verið að fara í stundir tengdar einu málhljóði á viku. Elstu börn deildarinnar fóru einnig í stundir út af deild þar sem þau hafa meðal annars verið að æfa sig í að skrifa nafnið sitt.

Farið hefur verið í reglulegar vettvangsferðir bæði í fjær og nærumhverfi barnanna, eins hafa öll börnin farið í ferð á bókasafn, í húsdýragarðinn, í fjöru og elstu börnin fóru í leikhús. Nærumhverfi skólans er einstakt og hafa börnin nýtt sér það meðal annars gengið út að Reynisvatni, farið í fjallgöngur og farið í ævintýraferðir inn í skóginn. Í þessum ferðum hafa börnin eflst í að ganga og hreyfa sig, eins hafa þau lært á umhverfið sitt, dýrin og gróðurinn.

3.2 Innra mat Sólarinnar

Gerðar hafa verið uppeldislegar skráningar fyrir börnin á skólaárinu en við viljum bæta og próa á næsta skólaári. Gera þarf fleiri skráningar sem ekki eru fyrir fram ákveðnar.

Ágætlega hefur gengið að halda svæðavali inni í skipulagi deildarinnar en hefur þróast yfir í of takmarkað val. Starfsmenn deildarinnar ætla að fara markvisst í að gera valið meira opnara í upphafi þannig að börnin velja sér frekar svæði þar sem þau vilja leika og ákveða þar hvaða efnivið á að leika



með í stað þess að ákveða í upphafi hvaða efnivið á að leika með. Í valinu ætlum við að auka myndlistina og bjóða upp á svæði þar sem börnin geta valið efniviðinn sem þau vinna með á því svæði. Börnin eru orðin nokkuð örugg í því að velja hvaða svæði þau vilja fara á, sem gefur vísbendingu um að þau eru orðin vön því að hafa val og vita hvað þau vilja og hvað þau eiga að gera. Bæði Blær og Lubbi bjóða upp á svo margar tengingar inn í ýmis verkefni sem stefnt er að því að hafa í starfinu. Því langar okkur fyrir næsta skólaár að við reynum að tvinna Lubba og Blæ inn í starfið, tvinna til dæmis meira af málörvun inn í Lubba og sjálfseflingu/sjálfstæði inn í Blæ. Við höfum verið að þróa okkur áfram með stundirnar hversu langar þær eiga að vera og hversu mörg börn eiga að vera í hópnum. Með nýjum hópi barna næsta vetur munum við reyna að halda okkur við 20-30 mínútna stundir og um 8 barna hópa, en það verður skoðað eftir hópnum en reynslan sýnir að eftir því sem hóparnir eru minni þeim mun betur gengur að ná til barnanna. Börnunum gengur vel að bjarga sér sjálf í fataherberginu og höfum við markvisst verið að hvetja þau að gera sjálf og hefur það gengið nokkuð vel.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Tvinna meiri málörvun og læsi inn í vinnu með Lubbi finnur málbein.	-Fjölga „Lubba stundum“ -Taka efnivið svo sem Sögugrunn, sögur og annað inn í stundirnar.	Deildastjóri og starfsmaður sem sér um Lubba stundir.	Haust 2021	Vor 2022	Tekin staða á færni barna með samtali og könnun á þekkingu málhljóða fyrir og eftir skólaárið.	Þekking barna á málhljóðum fyrir og eftir skólaárið metin.
Blær	Halda áfram að vinna með Blæ.	Unnið í samverustund og litlum hópum.	Deildastjóri og starfsmaður sem sér um Blæ stundir	Haust 2021	Vor 2022	Unnið sé með Blæ einu sinni í viku í litlum hópum. 1-2 samverustundir í viku hlustað á lögin.	Þekking barnanna á lögum um Blæ, líðan barna og samskipti.
Jákvæður agi	Tvinna inn í Blæ stundir sjálfstæði og valdeflingu	Nota myndir úr Blæ efni, dæmisögur, barnafundi og aðrar aðferðir.	Deildastjóri og starfsmaður sem sér um Blæ stundir	Haust 2021	Vor 2022	Staðan tekin á færni barna til tjáningar og virðingar á skoðunum áður en haust starf hefst og eftir skólaárið.	Óformleg könnun gerð á tjáskiptum og ákvarðana-töku ferli barnanna á deildinni.
Skráningar	Gera fleiri skráningar úr daglegu starfi	-Verðum duglegri að taka myndir af daglegu starfi -Gerum skráningar með myndum.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haust 2021	Vor 2022	Ferilmappa yfirfarin í byrjun hvors misseris.	Ferilmappa yfirfarin í lok hvors misseris.

4 Lindin

4.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lindarinnar um starfið á síðasta ári

Veturinn 2020 – 2021 gekk vel á Lindinni. Við gerðum fljótlega gott verkaskipulag fyrir starfsmenn sem hefur gengið vel. Það auðveldar starfsmönnum að vita hvað er ætlast til af þeim á hverjum tímapunkti. Flutningur á milli deilda fór fram fyrir sumarfrí en ekki eftir sumarfrí eins og vanalega, því gátum við tekið inn 4 ný börn fyrir sumarfrí eða þann 11. júní. Seinni aðlögunin var 20. ágúst. Okkur fannst mikill léttir á deildinni að geta tekið inn nokkur börn fyrir sumarfrí. Við vorum sammála um það að flutningur fyrir sumarfrí hafi gengið mjög vel og við fundum fyrir minna álagi um haustið. Við tókum inn eitt barn í byrjun desember og okkur þótti það erfiður tími til að taka á móti nýju barni. Börnin voru snögg að aðlagast og fóru fljótt að leika sér saman.

Svæðavinna fór vel af stað. Við skiptum börnunum upp í fimm hópa og vorum með svæðavinnu frá 9:15 -9:40. Börnin nutu sín vel í litlum hópum, þau fengu meira næði og kennararnir náðu að njóta sín og koma starfinu vel frá sér. Við náðum því miður ekki að halda því striki eftir áramót vegna ýmissa ástæðna.

Þegar nálgast fór jólamánuðinn byrjuðu börnin að gera jólagjafir handa foreldrum sínum. Þau fengu að velja á milli þriggja gjafa til að gera. Þau voru spennt og allt gekk vel.

Stytting vinnuvikunnar hófst strax eftir áramót og fannst okkur á Lindinni frekar erfitt að taka hana upp en með smá vinnu og tíma fór allt að ganga vel og starfsmenn almennt glaðir með þessa breytingu. Við fengum inn ferskan starfsmann í janúar sem tók við barni sem þurfti á stuðningi að halda sem var mikill léttir fyrir deildina. Í mars fóru 3 börn yfir á aðra deild og einn starfsmaður líka. Þá voru eftir 17 börn og 3 starfsmenn ásamt 2 stuðningsaðilum og enduðum við veturinn þannig.

Þann 15. mars var starfsdagur í Guðríðarkirkju þar sem við vorum að læra um jákvæðan aga. Við erum spennt að flétta jákvæðan aga inn í okkar starf fyrir komandi skólaár og klára námskeiðið sem við erum byrjuð á.

Allir deildarstjórar fengu handleiðslu frá Guðnýju Reynisdóttur mannauðsráðgjafa Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Fyrst fengum við allar einkasamtal við hana og svo kom hún til okkar á fund þar sem við vorum allar saman og ræddum við um hin ýmsu mál. Þetta þótti öllum deildarstjórum mjög gott og mikil þörf á. Munum við hitta hana aftur í haust.

Einnig var ákveðið að eingöngu deildarstjórar myndu hittast á fundi aðra hverja viku og ræða saman án yfirmanna. Eftir áramót var ákveðið að deildarstjórar fengu þannig fund en því miður náðum við bara einum þannig fundi en vonandi munum við ná að gera betur næsta vetur.

Deildarstjóri hóf nám við Háskóla Íslands í leikskólakennarafræðum og lauk fyrsta árinu sínu. Nokkrir starfsmenn deildarinnar fóru á Blæ, tákn með tali og einn fór á PECS námskeið.



Við fundum hvað var komin mikil þreyta í starfsmannahópinn vegna Covid-19 þegar líða fór að sumri. Þetta er búið að vera erfiður vetur upp á það að gera. En eftir að allir starfmenn voru sprautaðir og foreldrar fóru að sjást inn í húsi fundum við mikinn mun á hópnum og bjartara varð yfir mannskapnum. Góður andi milli starfsfólks innan deildar, alltaf hægt að tala saman og því hægt að laga það sem betur mátti fara mjög fljótt.

4.2 Innra mat Lindarinnar

Eftir handleiðslu Guðnýjar höfum við ákveðið að hafa ekki of mörg markmið fyrir komandi skólaár.

Ákváðum við þetta til að geta unnið betur með hvert markmið fyrir sig og unnið dýpra með þau markmið sem við settum okkur.

Þar sem deildarstjóri Lindarinnar mun taka að sér deildarstjórástöðu á Stjörnunni (og öfugt) munum við vinna umbótaþættina í sameiningu.

Markmiðin fyrir síðasta vetur voru að nýta svæði deildarinnar betur með því að skipta börnunum í hópa. Við gerðum það um leið og allir voru búnir að kynnast nýju deildinni sinni og aðlögunin var búin. Við sáum strax að þetta hafði góð áhrif á hópinn. Annað markmið var að leyfa börnunum að hafa meira val um um hvað þau vildu gera t.d. í útiveru, eftir hressingu og í sal. Því miður gekk það ekki nógu vel eftir það sem við kennararnir vorum fljótir að grípa í það sem við vissum að myndi virka. Þriðja markmið okkar var að taka inn TMT inn í söngstund og koma Lubba inn í samverustund. Við tókum strax TMT inn í söngstund hjá okkur og Lubbi var tekinn inn í samveru eftir áramót. Fjórða markmiðið var að gera fleiri skráningar sem við stóðum okkur vel í. Síðasta markmiðið var að kynna börnunum fyrir Blæ og hvernig við gætum notað hann. Börnin fengu strax sinn Blæ bangsa sem þau gátu komist í hvernær sem er. Okkur þykir skemmtilegt hvað við stóðum okkur vel í að uppfylla okkar markmið á síðasta ári.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi (og málörvun)	Að fara dýpra í Lubba og hver máhljóð. Hver deild einblínir á færri máhljóð og gerir verkefni út frá þeim.	Að skipta máhljóðum á milli deilda þannig að hver deild geti einblínt á ákveðin máhljóð og svo tekur næsta deild við. Lindin ætlar að sjá um máhljóðin í-ú-v-j-h-e.	Deildarstjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Endurmat í desember og í maí með þeim kennurum sem sjá um Lubba. Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Verður þetta í fyrsta skipti sem við framkvæmum Lubba á þennan hátt og því er erfitt að gefa einhver viðmið en auðvitað stefnum við



							að því að börnin verði búin að ná tókum á þeim máhljóðum sem við ætlum að vinna með.
Blær/Jákvæður agi	Efla sjálfstraust/-stæði og félagsfærni í samblandi við Blæ. Bæta inn í hugmyndafræði jákvæðs aga.	Börnum skipt í litla hópa þannig að hvert barn fái a.m.k. eina Blæstund í viku.	Deildarstjóri og sá kennari sem sér um Blæ.	Sept. 2021	Júní 2022	Endurmat í desember og í maí með þeim kennara sem sér um Blæ. Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Að börnin öðlist aukinn skilning á eigin tilfinningum /líðansem og annarra.
TMT (tákn með tali)	Að efla málþroska barnanna og jafnvel flýta máltöku þeirra. Einnig að kennarar verði óhræddir við að nota táknin í daglegu starfi.	Með því að nota táknin í daglegu tali. Hvetja kennara til að kynna sér rétt tákn og nota þau dags daglega.	Deildarstjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Með samtölum við starfsfólk um miðjan veturinn og aftur í lok skólaárs.	Eykur tjáskiptaleiðir barnanna og eflir málþroska þeirra. Eykur einnig öryggi starfsmanna til að tjá sig við öll börnin.
Gæðalestur	Halda áfram með gæðalestur og yta undir lestraráhuga barnanna.	Kennarar skipti á milli sín dögum fyrir slíkar stundir. Sett verður upp skipulag þar sem hver kennari getur séð hvaða daga hann á. Valdar verða bækur sem hentar hækkandi aldri barnanna. Einungis 4-5 börn verða saman í hóp í einu.	Deildarstjóri og aðrir kennarar á deildinni.	Sept. 2021	Júní 2022	Með samtölum við starfsfólk um miðjan veturinn og aftur í lok skólaárs.	Eykur áhuga barnanna á yndislestri og hefur jákvæð áhrif á máltöku þeirra.
Skýrari markmið	Hafa markmið næsta skólaárs sýnilegri.	Hafa umbótaáætlun sýnilega fyrir alla starfsmenn.	Deildarstjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Farið reglulega yfir umbótaáætlun með starfsfólki deildarinnar yfir veturinn (jafnvel á deildarfundum) til þess að athuga	Umbótaáætlun á að vera lifandi skjal og eykur það öryggi starfsfólks



						hvort settum markmiðum sé ekki örugglega náð.	að vita að hverju við stefnum á komandi skólaári.
Deildarfundir	Hafa reglulegri deildarfundir	Gera skipulag yfir hvenær við ætlum að halda deildarfundir og halda okkur við settan tímaramma sama hvort allt starfsfólk sé mætt eða ekki.	Deildarstjórar Stjórnu og Lindar.	Sept. 2021	Júní 2022	Allt starfsfólk deildarinnar ræðir saman um hvernig fundir hafa gengið í lok vetrar. Gera fundargerð eftir hvern fund.	Betra starfs-umhverfi og skýrari vinna innan deildar. Jákvæðara starfsfólk.

5 Lautin

5.1 Stutt greinargerð deildarstjóra á Lautinni um starfið á síðasta ári

Um haustið, eða rétt eftir sumarfrí, voru flest börnin byrjuð á Lautinni. Einnig varð snöggleg breyting á deildarstjórum, þar sem tveir deildarstjórar í Geislabaugi skiptu um deild. Þar að auki bættist líka við starfsmannahópin nýir starfsmenn. Haustið byrjaði vel með flottum og fjölbreyttum barnahópi og góðum kennarahópi. Áhrif heimsfaraldursins voru þó skammt undan og höfðu þó nokkur áhrif á starf deildarinnar og framvindu þess.

Megnið af barnahópnum byrjaði á Lautinni fyrir sumarfrí. Þetta var í fyrsta sinn sem börnin fluttu á milli deilda fyrir sumarfrí. Var þetta gert til að draga úr álagi innanhúss eftir sumarfrí. Flutningarnir gengu vel fyrir sig, á heildina litið og verður þetta fyrirkomulag eflaust endurtekið næstu árin.

Eins og kom fram var barnahópurinn fjölbreyttur og skemmtilegur. Hópurinn samanstóð af 24 börnum, þar af tveimur stuðningsbörnum og einu tvítyngdu barni. Á meðal barnanna voru þó nokkur sem þurftu á aukinni málörvun að halda. Það var orðið við því og kom verkefnastjóri fjöltyngdra barna tvisvar í viku sem bauð þeim börnum upp á auka málörvun í smærri hópum.

Í vetur fóru tveir kennarar á Lautinni á Blæ námskeið á vegum Barnaheilla. Þessir tveir kennarar tóku að sér svokallaðar Blæ-stundir þar sem nokkur börn voru saman í herbergi, hlustuðu á vináttusögur, vináttulög og lærðu t.d. hvernig falleg vinátta ætti að vera, hvernig þau gætu hjálpað öðrum börnum sem væru að lenda í stríðni, læra að segja STOPP fyrir sína hönd og að standa upp fyrir öðrum.

Börnunum þóttu þessar Blæ-stundir einstaklega skemmtilegar og mátti sjá áhrif þeirra á meðal barnanna, sérstaklega í samskiptum þeirra hvort við annað. Þrátt fyrir það hefur innleiðing Blæs farið hægt af stað og verður það áframhaldandi markmið að koma Blæ stundum markvisst í starfið á Lautinni fyrir komandi vetur.

Í byrjun haustsins fór barnahópurinn í heild sinni í hvíld í hádeginu í tveimur rýmum. Í öðru rýminu voru þar börn sem þurftu á meiri svefni að halda og í hinu rýminu þau börn sem þurftu á minni svefni að halda. Eftir því sem leið á veturinn fór þeim að fjölga sem þurftu ekki á svefni að halda og var því brugðið á það ráð að vera með svokallaða sögu hvíld, þar sem börnin lögðust undir teppi og hlustuðu á sögu án þess að sofna.

Eins og kom fram áður vorum við ekki laus við áhrif vápestarinnar. Starfsfólkið fann fyrir auknu álagi megnið af vetrinum. Álagið lýsti sér aðallega í því að foreldrar fengu ekki að koma inn í leikskólann í langan tíma og urðu því fleiri dagleg verkefni sem féllu á starfsfólk. Þar að auki þurfti starfsfólk ávallt að vera á varðbergi til að aðlaga sig að nýjum og breyttum sóttvarnaráðleggingum.

Einn kennari deildarinnar hafði yfirsýn með Lubbastundum í vetur. Lubbastundir miðast aðallega að því að börnin fái tækifæri til að læra íslensku máhljóðin og fái í leiðinni málörvun. Börnin á Lautinni nutu þess að vera í Lubbastundum og mátti sjá afrakstur þeirra á meðal hópsins í formi notkunar á táknum og söng laganna úr Lubba bókinni. Vegna ýmissa aðstæðna voru Lubbastundirnar ekki nægilega markvissar í vetur.

Í vetur nutum við góðs af því að fá vikulega til okkar kennara sem bauð börnunum í Listasmiðju. Þar fengu börnin að kljást við allskonar verkefni og tjá sínar listrænu hliðar í smærri hópum. Það komu hinsvegar nokkrar pásur á þessu starfi vegna áðurnefnds heimsfaraldurs og hólfaskiptingu leikskólans.

5.2 Innra mat Lautin

Á komandi ári munum við einbeita okkur sérstaklega að því að hafa markvissar Lubba- og Blæstundir. Það var tekin ákvörðun um að betrumbæta, og efla á faglegan hátt, allt sem kemur að Lubba og Blæ til að auka gæðin, svo börnin fái sem mest út úr þessum stundum. Að öllum líkindum verða lykilstarfsmenn sem munu stýra þessum stundum en þó verður það samstarfsverkefni allra starfsmanna að framfylgja boðskap þessara verkfæra sem við höfum ákveðið að tileinka okkur í starfi.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að farið verði í Lubba bæði fyrir og eftir áramót.	Barnahópnum verður skipt í litla hópa. Öll börnin fái Lubbastund einu sinni í viku þar sem farið verður yfir staf vikunnar og	Deildarstjóri ber ábyrgð sem og aðrir starfsmenn deildarinnar	Haut 2021	Vor 2022	Haldið verður utan um þá stafi sem börnin hafa farið yfir.	Með því að hafa plan þar sem hægt er að sjá hvaða stafur verður tekinn fyrir hverja viku er hægt að

		saga viðkomandi stafs lesin.					sjá hvort því markmiði sé náð eða ekki. Einnig er hægt að halda til haga hvort börnin vanti ákveðin hljóð og ef svo er þá væri hægt að vinna með þau börn frekar.
Vináttuverkefnið Blær	Að nýta Vináttuverkefnið Blær betur	Barnahópnum verði skipt í 2-4 hópa og farið verði 1-2 sinnum í viku í Blæstundir. Markmiðin verði að börnin læri umburðar-lyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.	Deildarstjóri ber ábyrgð og sá kennari sem fer á/hefur farið á námskeið um Vináttuverkefnið.	Haut 2021	Vor 2022	Stuðst verður við stuttar skráningar úr hverjum tíma til að meta það hvort efnið skili sér til barnanna.	Erfitt getur verið að meta árangur þar sem þessi vinna hefur ekki verið innleidd áður og því spennandi að sjá hver útkoman verður næsta sumar.



6 Stjarnan

6.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnunnar um starfið á síðasta ári

Tveir deildarstjórar skiptu um deildir eftir sumarfrí. Deildarstjóri Stjörnunnar tók að sér deildarstjórastöðu á Lautinni og deildarstjóri Lautarinnar tók að sér deildarstjórastöðu á Stjörnunni. Var það mikil breyting fyrir deildarstjóra Lautarinnar þrátt fyrir að hafa unnið í leikskólanum hátt í 14 ár. Aðlögun barnanna byrjaði 27. ágúst og gekk ágætlega. Þá hófu 8 börn skólagöngu á Stjörnunni. Börnin týndust inn svo smátt og smátt og var deildin komin með 13 börn í lok október. Börnin fengu þátttökuaðlögun sem hæfir ungum aldri þeirra. Þrátt fyrir undarlegan og hálf erfiðan vetur, þá hafa börnin dafnað vel hjá okkur.

Barnahópurinn á Stjörnunni var fjölbreyttur eins og vera ber. Í hópnum voru 2 fjöltyngd börn og eitt barn sem fékk stuðning eftir áramót. Þriðja fjöltyngda barnið kom svo á vormánuðum 2021. Með þessum fjölbreytta hópi reyndist vel að nota Tákni með tali og var einblínt á að nota tákni yfir helstu athafnir fyrst um sinn. Tákni með tali hefur reynt okkur afar vel og eru börnin alla jafna fljót að tileinka sér þessa óhefðbundnu tjáskiptaleið.

Til að hlúa að lýðræði barnanna höfum við einblínt á líðan þeirra og reynt að mæta þörfum barnanna eftir bestu getu. Erfitt er að vera með rýnihópa barna á þessum aldri, þar sem mörg þeirra hafa einungis fá orð til að styðjast við. Með því að vera vakandi fyrir líðan barnanna á deildinni framkvæmdum við smávægilegar breytingar á uppröðun húsgagna, leikfanga úrvali og fleiru og gátum þannig haldið rýminu spennandi fyrir þau.

Ákveðið var að taka upp aðferð sem við köllum Gæðalestur (eða flæðilestur). Samkvæmt Miðju máls og læsis hentar þessi aðferð vel ungbarnadeildum leikskóla. Þá fer kennari inn með 4-5 börn í einu og les fyrir þau eina bók sem hentar ungum aldri barnanna. Fyrst er bókin lesin fyrir allan hópinn og því næst fyrir hvert og eitt barn sem situr þá í fangi kennara. Hin börnin sitja og hlusta aftur eða skoða aðrar bækur á meðan. Teljum við að þessi aðferð henti börnunum mjög vel enda er þetta stutt og notaleg stund sem felur í sér mikið nám og lærum um leið að umgangast bækur.

Þegar jólamánuðurinn nálgast byrjuðu börnin að gera jólagjafir handa foreldrum sínum. Ákveðið hefur verið að fyrsta jólagjöf barnanna sé að gera handafar úr gífsi. Börnin fengu að taka fullan þátt í ferlinu, allt frá því að móta leir og yfir í að blanda og hella gífsinu í mót. Þau voru spennt og allt gekk vel.

Þann 4. janúar 2021 hófum við styttingu vinnuvikunnar. Ákveðið var að hver starfsmaður myndi fara heim einu sinni í viku eftir hádegi. Ákváðum við að hafa skipulagið rúllandi á Stjörnunni sem þýðir að fari starfsmaður heim á mánudegi eina vikuna þá fer hann heim á þriðjudegi vikuna á eftir o.s.frv.

Starfsmenn hafa verið ánægðir með þessa breytingu en við höfum ekki tekið eftir minni fjarvistum meðal starfsmanna eins og vonast var til.

Þann 15. mars var starfsdagur í Guðríðarkirkju þar sem við fórum á námskeið um jákvæðan aga. Við erum spennt að flétta jákvæðan aga inn í okkar starf fyrir komandi skólaár og klára námskeiðið sem við erum þegar byrjuð á.

Þann 24. mars fengum við starfsmann af Lindinni sem tók að sér barn sem þurfti á stuðningi að halda. Þetta var mikill léttir fyrir deildina.

Eftir þriðju bylgju COVID-19 gekk vinnan inni á deild ekki nógu vel. Deildarstjóri fann fyrir þreytu í starfsmannahópnum og erfitt var að fá fólk til að leggja sig fram í starfi. Foreldrar fengu ekki að koma inn í húsið en samvinna við þá gekk ótrúlega vel. Foreldrarnir komu inn um bakdyr deildarinnar með börnin sín á morgnana og sóttu þau annaðhvort á sama stað eða úti í garði. Eftir að allir starfsmenn höfðu fengið bóluefni gegn veirunni og foreldrar máttu koma inn í hús virtist lundin léttast og vonandi verða bjartari tímar framundan.

Ákveðið var eftir áramót að deildarstjórar myndu hittast á fundi aðra hverja viku og ræða saman án yfirmanna. Því miður fengum við eingöngu einn slíkan fund en vonandi mun þetta ganga betur næsta skólaár.

Allir deildarstjórar fengu handleiðslu frá Guðnýju Reynisdóttur mannauðsráðgjafa Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Fyrst fengum við allar einkasamtal en svo kom hún til okkar á fund þar sem við vorum allar og ræddum um hin ýmsu mál. Þetta þótti öllum deildarstjórum mjög gott og mikil þörf á. Munum við hitta hana aftur í haust.

6.2 Innra mat Stjörnunnar

Markmið Stjörnunnar fyrir skólaárið sem er að líða var gert af þáverandi deildarstjóra Stjörnunnar. En þegar núverandi deildarstjóri skoðar markmiðin er ánægjulegt að sjá að við náðum að uppfylla flest markmiðin.

Við skiptum barnahópnum iðulega upp í minni hópa enda fundum við strax hvað börnunum leið mun betur í minni hópum. Oft á tíðum fór helmingur barnanna út að leika á meðan hin börnin voru inni að leika í tveimur aðskildum herbergjum. Var þá ýmist farið í könnunarleik eða Blæstundir. Lubbastundir fóru að mestu fram í samveru með öllum börnunum og var einblínt á að læra einungis lög hljóðanna fyrst um sinn.

Eftir handleiðslu Guðnýjar höfum við ákveðið að hafa ekki mörg markmið fyrir komandi skólaár.

Ákváðum við þetta til að geta unnið betur með hvert markmið fyrir sig.

Þar sem deildarstjóri Stjörnunnar mun taka að sér deildarstjórastöðu á Lindinni (og öfugt) munum við vinna umbótaþættina í sameiningu.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vináttuverkefnið Blær/Jákvæður agi	Efla sjálfstraust og félagsfærni barna. Að börnin viti hver Blær er og hvernig við getum notað hann.	Vera með litla hópa í Blæstundum.	Deildastjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Í janúar munum við ræða hvernig stundirnar hafa gengið.	Að læra að virða náungann. Að börnin læri á tilfinningar sínar og annarra.
Markvissar samverustundir og TMT (tákn með tali)	Nota tákn með tali í söng- stundum og bæta Lubba inn í samveru- stund.	Við erum komin með sérstök málhljóð sem við ætlum að vinna með yfir veturinn.	Deildarstjóri og sá sem sér um Lubba.	TMT ágúst 2021 Lubbi janúar 2021	TMT júní 2022 Lubbi júní 2022	Í janúar.	Fá börnin til að taka meiri þátt í samveru og til að efla málþroska barnanna og samskipti þeirra.
Gæðalestur	Að börnin fá gæðalestur í litlum hópum og einkalestur með kennara.	Kennara skipta dögum á milli sín og taka litla hópa í einu (4-5 börn).	Deildarstjóri og aðrir kennarar á deildinni.	Sept. 2021	Júní 2022	Með samtölum við starfsmenn.	Eykur áhuga barna á yndislestri og hefur jákvæð áhrif á bókaáhuga barnanna.
Sjónrænt dagskipulag	Taka upp sjónrænt dagskipulag strax um haustið og vinna með það yfir allan veturinn.	Búið er að gera dagskipulagið. Allir starfsmenn þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi skipulagsins og nota það daglega.	Deildarstjóri	Sept. 2021	Júní 2022	Fá starfsmenn til að endurmeta starfið í janúar.	Börnin viti hvað er að gerast yfir daginn og verði öruggari í leik- skólanum.
Deildarfundir	Hafa reglulegri deildarfundir	Gera skipulag yfir hvenær við ætlum að halda deildarfundir og halda okkur við settan tímaramma sama hvort allir starfsmenn séu mættir eða ekki.	Deildar- stjórar Stjörnu og Lindar.	Sept. 2021	Júní 2022	Allir starfsmenn ræða saman um hvernig fundir hafa gengið í lok vetrar. Gera fundargerð eftir hvern fund.	Betra starfs- umhverfi og skýrari vinna innan deildar. Jákvæðari starfsmenn.



7 Fjallið

7.1 Stutt greinagerð deildastjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári

Á Fjallinu veturinn 2020-2021 voru 24 börn og 6 starfsmenn. Þar af voru 2 börn með 6 -8 tíma stuðning. Hópurinn var þungur með ýmsar sérþarfir. Fjögur börn voru með annað tungumál og tvö þeirra áttu erfitt með íslenskuna og þurftu auka málörvun og aðstoð.

Nýr deildastjóri tók við í byrjun september og nokkrar mannabreytingar urðu á deildinni. Auk þess setti Covid-19 sitt mark á veturinn en það fylgdi því ákveðið auka álag að foreldum var ekki hleypt inn í húsið og starfsmenn voru alltaf á tánum til að bregðast við síbreyttum aðstæðum.

Á Fjallinu var mikið lagt upp úr myndrænu dagskipulagi fyrir börnin, þannig þau vissu hvað var verið gera og hvað kæmi næst. Þetta gerði þau öruggari, vissu hvað væri í vændum og hvers væri ætlast til af þeim.

Þar sem barnahópurinn var krefjandi og deildin lítil var lagt mikið upp úr því að skipta barnahópnum upp. Þannig gátu bæði börn og starfsfólk notið sín inni á deildinni. Helmingur var þá inni og hinn helmingurinn fór út. Skiptinginn var oftast aldurstengd.

Unnið var með Lubba og Blæ og verður þeirri vinnu haldið áfram. Einnig er ætlunin að samtvinna Lubba meira við almenna málörvun og Blæ við sjálfbærni og félagsfærni.

Við höldum áfram að vinna með svæðaleikinn og nota hann í fleiri tímum en bara á morgnana milli 9:30 og 11:00.

Starfsmannahópurinn fór á námskeið í jákvæðum aga og er mjög spenntur að halda þeirri vinnu áfram og innleiða það.

7.2 Innra mat Fjallið

Við erum búin að vera vinna með uppeldisfræðilegar skráningar. Þær hafa aðallega verið þessar föstu sem eru alltaf. Okkur langar að gera betur og bæta inn fleiri skyndi skráningum. Einnig langar okkur að hlusta betur á leik barnanna og fá kveikjur að verkefnum til að gera og gera skráningar út frá þeim.

Lagt var uppi með að hafa 2-3 samverur á dag en allar mjög ólíkar. Fyrsta var notuð í Lubba, Blæ og málörvun 3x í viku. Þá var hópnum skipt í þrennt eftir getu. Einn í Lubba, einn í Blæ og einn í málörvun. Hóparnir rúlluðu svo á milli dagana þannig hver hópur fór einu sinni í viku í þetta allt.

Stundirnar enduðu svo á ávöxtum og allir í svæðaleik eða út. Ekki gekk þó nógu vel að halda þessum stundum. Þá daga sem Lubbi, Blær og málörvun var ekki, fengu börnin ávexti, farið var yfir daginn og síðan farið í leik, hvort sem það var úti eða inni. Næsta samvera var svo fyrir hádegismat, en þetta var eina samveran þar sem allur hópurinn var saman. Þá var oftast sungið en stundum málörvun eða



aðrar æfingar. Síðasta var síðan fyrir hressingunna, en þá var hópnum skipt í tvennt eftir aldri og tekin lestarstund. Þannig var lesið fyrir alla að minnsta kosti einu sinni á dag.

Svæðaleikur var mikið notaður en börnin völdu sér svæði 1-2 á dag. Reynslan hefur sýnt að meiri ró kemst yfir hópinn þegar svæðaleikur er notaður frekar en þegar því er sleppt. Þess vegna reyndum við að nota svæðaleikinn líka eftir hádegi ef börnin voru inni. Í manneklu prufuðum við að nota svæðaleikinn líka og gekk það mjög vel. Kennarar voru þá ekki mikið í leiknum með börnunum heldur í kring og að aðstoða þar sem þurfti. Meiri ró var yfir hópnum þegar þetta var gert og munum við því halda þessu áfram.

Einu sinni í viku fengum við til okkar listasmiðjustýru sem tók hópna með sér í Listasmiðjuna. Börnin voru alltaf mjög spennt fyrir því að fara þangað. Okkur tókst sæmileg að halda listastarfi líka inni á deild, en langar að gera betur og hafa alltaf eitthvað í boði í svæðaleiknum.

Við vorum með verkefnastjóra elstu barna í fyrsta skiptið í ár og gekk það mjög vel. Börnin voru mjög spennt að fara í meistarastundirnar og náðu að kynnst betur þvert á deildir. Verkefnastjóri elstu barna var tvisvar sinnum í viku hjá okkur á morgnana og svo með helming af Fjalli og helming af Sól saman tvisvar sinnum í viku.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein og málörvun.	Halda áfram að vinna með Lubba, tvinna aðra málörvun og læsi inn í þær stundir.	Auka stundir með Lubba. Nota samverur í málörvunaræfingar auk þess að gefa tíma til að æfa í minni hópum og með einstaklingum. Nota með Sögugrunninn, spil, sögur og annað málörvunar efni.	Deildastjóri og starfsmaður sem sér um Lubbastundir og aðrir starfsmenn.	Haut 2021	Vor 2022	Metið að hausti og vori með samtali og könnun á þekkingu málhljóðanna og málörvunar viðmiðum. Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Að öll börn fái viðeigandi stund í málörvun allt skólaárið.
Blær og efla sjálfstraust/-stæði og félagsfærni í sambland við Blæ.	Halda áfram að vinna með Blæ. Tvinna inn í Blæ stundir sjálfstæði og valdeflingu.	Unnið í litum hópum. Að barn fari minnst einu sinni í viku í Blæ stund. Og að auki Nota samverur, barnafundi, efni úr Blæ ásamt öðrum aðferðum.	Deildastjóri og starfsmaður sem sér um Blæ stundir. Ásamt öðrum starfsmönnum.	Haut 2021	Vor 2022	Unnið einu sinni í viku í litlum hópum og í samveru hlustað á lögin.	Samskipti barna og líðan. Þekking þeirra á lögnum. Að börnin séu örugg í samskiptu m og félagslegri færni.



Sköpun (fyrir utan stundir í Listasmiðju)	Grípa hugmyndir barnanna. Vera alltaf með opið á listasvæði.	Með því að hlusta, vera með hvetjandi efnivið og kveikjur. Vera með skapandi starf á fleiri svæðum t.d. byggingasvæði.	Deildastjóri og aðrir starfsmenn.	Haut 2021	Vor 2022	Unnið alla daga sem svæðaleikur er í gangi og fyrir utan hann.	Vera með lista sem hægt er að skrá hvaða börnin eru búin að gera af verkum, þannig allir geri eitthvað.
Skráningar.	Gera skráningar fyrir utan þessar föstu hefðbundnu.	Gera skráningar um sköpun hjá börnunum sem ekki endilega skilar af sér afurð.	Deildastjóri og aðrir starfsmenn.	Haut 2021	Vor 2022	Fylgjast með ferilmöppunum að allir séu að fá minnst eina svona skráningu.	Fara yfir ferilmöppu rnar og sjá hvort markmiðin u var náð.

8 Listasmiðja

8.1 Greinagerð verkefnastjóra Listasmiðju um starfið á síðasta ári

Síðastliðið haust 2020 upphófst annað starfsár listasmiðju Geislabaug. Listasmiðjan var áfram skipulögð með sama hætti og skólaárið áður. Hver deild fékk úthlutað einn dag í viku í listasmiðjunni. Það fór svo eftir verkefnum og viðfangsefnum hverju sinni hversu mörg börn voru í hverjum hóp fyrir sig. En yfirleitt var miðað við að helmingur deildarinnar kæmist að í listasmiðjuna í hverri viku. Þetta átti þó ekki við um yngstu deildina en þau komust alltaf öll að hverju sinni vegna færri barna á ungbarnadeildinni.

Strax á haustmánuðum var ljóst að skólastarfið yrði ekki laust undan oki faraldursins frekar en fyrri veturinn. Vegna samkomutakmarkanna og sóttvarnarreglugerða var því ekki annað í stöðunni en að loka listasmiðjunni tímabundið. Listasmiðjukennarinn tók tímabundið við sem deildarstjóri á Sól, þangað til nýr deildarstjóri var ráðinn til starfa í janúar 2021. Á vormánuðum gekk vel að halda listasmiðjunni opinni þrátt fyrir einhverjar takmarkanir vegna sóttvarna. Það gekk vel að koma listasmiðjunni af stað og kærkomið þegar allt var komið í sína rútínu aftur. Listasmiðjukennari fékk til sín leikskólakennaranema í vettvangsnám á vorönninni. Gekk það vel og var ánægjulegt að kynna nema fyrir því starfi sem unnið er í listasmiðju og hugmyndafræðinni þar á bakvið.

Starf listasmiðjunnar byggir á hugmyndafræði í anda Reggio Emilia líkt og annað skólastarf í Geislabaugi. Listasmiðjukennari hefur það að leiðarljósi að dýpka skilning sinn og þekkingu á hugmyndafræðinni. Það eitt og sér er langtímaverkefni, síbreytilegt ferli í stöðugri þróun. Hugmyndin er alltaf að aðlaga verkefni listasmiðjunnar að hugarheim barnanna. Verður það áfram markmiðið fyrir næsta vetur.

9 Meistarar

9.1 Stutt greinargerð verkefnastjóra um starf með elstu börnunum á síðasta ári

Börnin sem eru á elsta ári eru á tveim deildum (Fjalli og Sól). Verkefnastjóri elstu barna fer á milli deilda og vinnur með börnin inn á deildunum og í salnum.

Haustið hjá meisturum byrjaði vel. Þá voru farnar lengri ferðir. Börnunum var boðið á sýningu í Þjóðleikhúsinu, fórum á Ljósmyndasýningu, fórum á námskeiðið Hugrakkir krakkar í Húsdýragarðinum og í Grasagarðinn. Allir meistarar (Sól og Fjall fóru saman í þessar ferðir). Eftir áramót fóru allir meistarar á sýningu í Borgarleikhúsinu.

Hver deild átti einn dag í viku sem farið var í gönguferðir í hverfinu. Lögð var áhersla á að kynnst öllu því sem hverfið okkar hefur upp á að bjóða.

Íþróttafélagið Fram er í samstarfi við leikskóla í Grafarholti og eru með æfingar einu sinni í viku fyrir elstu börnin. Foreldrar greiða gjald fyrir þessar æfingar. Meiri hlutinn af börnunum nýttu sér þessar æfingar. Þær voru í Sæmundarskóla alla föstudagsmorgna.

Í gegnum árin hefur verið gott samstarf á milli Geislabaugs, Sæmundarskóla og Ingunnarskóla. Að hausti eru skipulagðar skólaheimsóknir einu sinni í mánuði fyrir þau börn sem eru að fara í þessa skóla. Þar fá börnin góðan undirbúning fyrir grunnskólagönguna, kynnst húsnæðinu, starfsfólkinu og menningunni í skólanum.

Öll elstu börnin fara í meistarastarf einu sinni í viku. Þar eru þau að vinna bæði einstaklingsverkefni og samvinnuverkefni. Einnig eiga þau verkefnabækur sem þau nota í þessum stundum.

Hvert barn fer einu sinni í viku í leikjastund í salnum. Þar eru sungin lög, málörvunarleikir og samvinnuverkefni eru leyst í þessum stundum. Í lok allra stunda er farið í hina ýmsu hreyfileiki.

Inni á deildum eru spiluð spil með börnunum sem reynir á alla þroskapætti þeirra.

Öll börn fara í Hljóm 2 að hausti. Þau börn sem koma undir meðallagi í fjölda stiga hittast einu sinni í viku í 30 -40 mínútur með kennara. Þau fara saman í verkefni sem efla hljóðkerfisvitund. Allt er þetta gert í gegnum leik þannig að börnunum líði sem best og fái góða upplifun.

9.2 Innra mat frá verkefnastjóra elstu barna

Fyrsta árið með þessu fyrirkomulagi hefur gengið vel, bæði kennarar og börn hafa notið sín vel í þessu starfi. Þar sem börnin eru á tveim deildum kynnst þau betur og samvinnan þeirra verður meiri. Þetta er góður stuðningur fyrir báðar deildirnar að einn kennari komi og sjá um ákveðnar stundir með elstu börnunum.

Allar ferðir utan hverfis gengu mjög vel og á öllum stöðunum var tekið vel á móti okkur. Fyrirhugað var að fara fleiri ferðir en vegna ástands í þjóðfélaginu voru þær takmarkaðar. Ætlum að vera opin



fyrir öllum þeim heimsóknum sem okkur er boðið að koma í næsta skólaár. Við sóttum um að taka þátt í námskeiði hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur fyrir árið 2020 – 2021 og fengum úthlutað hjá þeim en vegna covid gátum við ekki nýtt okkur námskeiðið. Við sóttum um fyrir næsta vetur og fengum úthlutað.

Ferðir í hverfinu hafa verið nokkuð margar og skemmtilegar. Ekki náðist alltaf að fara einu sinni í viku í gönguferðir en margt skoðað og gert í þeim ferðum sem farnar voru. Börnin sem eru yngri nutu góðs af þessum ferðum og komu oft með í þær. Starfsfólk á deildunum hefur verið meðvitaðra um að nýta sér nærumhverfið og farið í gönguferðir.

Skemmtilegt samstarf við Íþróttafélagið Fram hefur verið í nokkur ár og gengið vel. Flest öll börnin tóku þátt annað hvort fyrir eða eftir áramót.

Skólaheimsóknir í grunnskólana hafa gengið vel og börnin alltaf spennt að heimsækja sína skóla.

Börnin misstu af nokkrum heimsóknum vegna covid. Við sjáum smá mun á hópnum þau eru ekki eins örugg með skólagönguna sem er framundan eins og fyrri árgangar sem hafa verið hjá okkur.

Meistarastarf og leikjastund hafa gengið vel. Náðum að halda þessum stundum í hverri viku og unnum vel með börnunum. Í meistarastarfi voru mörg verkefni unnin sem reyna á einbeitingu, úthald og sköpun. Það voru alltaf tveir kennarar í þessum stundum. Einn sem sá um að aðstoða þau í verkefabókum og annar með þeim í sköpun. Um vorið var áætlað að vinna verkefni í samvinnu við listasmiðjukennara en hætt var við það. Í staðinn unnu börnin samvinnuverkefni með ævintýri. Ein deildin valdi að vinna með Rauðhettu og úlfinn og hin með Kiðlingana sjö. Þetta verkefni tókst vel og langar okkur að vinna aftur á þennan hátt. Í leikjastund var hópnum blandað vel saman frá báðum deildum. Það reyndist vel. Í þessum stundum nutu börnin sín vel og lærðu marga leiki og voru mjög áhugasöm. Börnin biðu með eftirvæntingu eftir þessum stundum og spurðu ósjaldan hvenær þau færu næst í leikjastund.

Hljóm 2 gekk vel og voru 5 börn sem komu undir meðaltali, þau hittust einu sinni í viku og voru áhugasöm. Þau tóku öll miklum framförum, börnin fengu það mörg stig að þau komust öll yfir meðaltal í seinni skimun.



10 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla var skipulögð af sérkennslustjóra með aðstoð þess stuðningsaðila sem er með barnið. Unnið var að því að allir hafi sama tækifæri til náms og var umhverfi aðlagð að barninu eða notast við hjálpartæki. Við erum það heppin að hafa fjölbreyttan barnahóp hér í Geislabaugi og hefur gengið vel að kenna börnunum að við þurfum mismikla hjálp og æfingu við lausn fjölbreyttra verkefna. Við skráningu í einstaklingsvinnu nýta sér allir skráningarblöðin sem eru með atferlisfræðinni þó þau séu ekki notuð eins hjá öllum. Tekin er grunnlína á þekkingu barnanna sem unnið er svo út frá við ákveðin viðfangsefni. Einstaklingsnámskrá er unnin út frá APLLS og APES og markmið sett upp eftir það. Vinna í hópum er unnin inni á deildum og hafa deildarstjórar haft umsjón með þeirri vinnu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	AEPS, HLJÓM-2, EFI-2, Íslenski málhljóðamælirinn, Orðaskil, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, AHA-skráningar
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi, Blær, Orðagull, Orðaleikur, spil, púsl og forrit í Ipad t.d. Bitsboard og Puppet pals.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Betri skráningar	Halda betri skráningar yfir það sem unnið er að til að sjá framfarir og hvort vinnan sé að skila sér.	Ráðið hefur verið í aukna stöðu sérkennslustjóra. Við sjáum því fyrir okkur að sérkennslustjórar verði mun meira með stuðningsaðilum, leiðbeini og kenni. Taki meira þátt í almennu	Deildar- og sérkennslustjórar	Sept.	Mái	Deildarstjórar skrái hjá sér að hverju skal unnið í samveru og svæðaleik, hvernig á að vinna það og markmið. Sett er upp aðgerðaráætlun og árangur metinn jafnt og þétt yfir veturinn.	Endurmat verður um áramót og vor.

		starfi og því auðveldara að sjá hvar og hvernig mikilvægast er að styðja við börnin.					
Tíðari fundir með stuðningsaðilum	Halda tíðari fundi með fólki sem sinnir sérkennslu og skipta þeim niður eftir því hvernig stuðningi og vinnu þeir sinna. Við erum rík af börnum með sérþarfir og þurfa þau öll sínar einstaklingsnámskrár og stuðning.	Með því að beina kennurum saman sem sinna svipaðri vinnu eru meiri líkur á að þeir geti stutt við hvern annan, leiðbeint og fundið lausnir í sameiningu.	Sérkennslustjóri.	Allt skólaárið		Með fundargerðum eftir hvern fund og viðtölum við stuðningsaðila.	Skipulagðari, ánægðari og öruggari stuðningsaðilar.



11 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í byrjun vetrar, fyrir áramót, var peningurinn settur í að ráða inn manneskju í 30% vinnu sem aðeins sinnti málörvun fjöltyngdra barna. Það gekk ágætlega og sinnti hún þeim börnum sem þurftu meiri áherslu á málrækt. Eftir áramót var ábyrgðin sett á deildarnar. Hver deildarstjóri átti að velja einn starfsmann sem átti að sjá um fjöltyngd börn innan deildarinnar. Gátu þeir starfsmenn sótt sér aðstoð til sérkennslustjóra. Það reyndist ekki nógu vel og verða gerðar breytingar á því næsta vetur.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Á einstaka deildum hefur verið unnið með Gefðu 10 og hefur það skilað góðum árangri. Mun allur leikskólinn því vinna markvisst með þá aðferð næsta vetur. Unnið er að því að setja orð á alla hluti og innleiða að kennarar tali eins og íþróttafréttamenn yfir daginn.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Lesið er fyrir öll börn á hverjum degi bæði í hóp og fyrir einstaklinga. Samverustundir eru fjölbreyttar, farið í leiki, orðasúpur og samræður.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Ekki hefur verið nýst við skráningar eða mat á framförum. Með nýjum sérkennslustjóra koma nýjar áherslur og eftir veturinn sást vel hversu mikilvægt er að breyta vinnu með fjöltyngdum börnum. Erfitt var að sjá hvort einhver árangur hafi orðið og þó við séum nokkuð nösk á að sjá árangur er mikilvægt að geta sérd hvernig og hvað hefur skilað sér.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Allt er þetta ofið inn í starfið bæði í sér stundum og í leik barnanna. Í fataherbergi, matsal og öllu umhverfi barnanna er lagður inn orðaforði sem tilheyrir þeim aðstæðum sem börnin eru í.



Umbótaáætlun –fjöltýngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Greinileg tækifæri eru til umbóta. Áhugavert verður að sjá mun á milli ára og mikilvægt að sjá á svörtu og hvítu hvað börnin eru að læra og bæta við sig.	Sérkennslu- stjóri setur upp skipulag fyrir veturinn. Unnið verður markvisst með ákveðinn orðaforða í vissan tíma og listi frá miðju máls og læsis gerður fyrir öll börn.	Sérkennslu- stjóri og deildar- stjórar	Hefst í septem- ber	Lokið í maí. Vinna á að vera allt árið um kring en gott að hafa lokadag- setningu til að meta veturinn.	Listinn frá Miðju máls og læsis er auðvelt að vinna með og er gott verkfæri til að meta framfarir fjöltýngdra barna. Tekin verður grunnlína í upphafi og í lok hverrar þemavinnu í orðflokki til að sjá hvað hefur verið lært og hvort vinnan sé að skila sér.	Í lok vetrar verður öll vinna tekin saman. Farið yfir hvernig starfsfólki fannst að vinna út frá þessu skipulagi og lagað það sem ekki gekk nógu vel.

12 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í ár breyttum við áherslum í starfmannasamtölunum og var leikskólastjóri með örsamtöl við allt starfsfólk. Aðaláherslur samtanna voru starfsánægja og samskipti. Þetta voru 30 mínútna samtöl sem nýttust mjög vel. Í framhaldi af þessum samtölum er hugmyndin að deildarstjórar taki örsamtöl við kennara á sinni deild og leikskólastjóri tekur samtöl við stjórnendur. Þetta ætlum við að gera næsta vetur. Að öðru leyti eru samskipti skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við alla starfsmenn opin og hreinskiptin. Rík áhersla er lögð á mikilvægi góðra samskipta milli allra starfsmanna.

Símenntun fór fram í formi rafrænna fyrirlestra og námskeiða þar sem ekki mátti hittast eða koma inn í skólann. Á fyrsta starfsdegi sem var 18. september vorum við með almenna kynningu á starfinu okkar í Geislabaugi. Gerðum endurmat frá sumarstarfseminni, skiptum hópnum niður í minni hópa, fengum kynningu frá Flórensforunum sem fóru með okkur í núvitund og að lokum voru deildarfundir. Nokkrir starfsmenn fóru á rafrænt námskeið Barnaheilla á Blæ og nú hefur rúmlega helmingur kennara sótt námskeiðið. Þann 12. október var orðið hólfaskipt hjá okkur og voru allir á sínum svæðum og vorum við með fjarfunda-starfsdag. Sá dagur fór nánast eingöngu í undirbúning vinnustyttingar. Þann 18. nóvember var ætlunin að hafa sameiginlegan starfsdag hjá öllum þeim starfstöðvum sem eru með í þróunarverkefninu „Orð eru til alls fyrst“. Það var ekki hægt í raunheimum en við

héldum okkar striki og fengum fyrirlesara rafrænt um málþroska og málörvun yngri og eldri barna og skiptum kennurum í hópa eftir því hvaða aldur þeir eru að vinna með. Einnig skoðuðum við allt málörvunarefni sem við eigum í húsinu. Þann 4. desember var ennþá hólfaskipting og einkenndist starfsdagurinn af jólaundirbúningi og fyrirlestrum um einelti sem við hlustuðum á rafrænt. Atkvæðagreiðsla fór fram um styttingu vinnuviku og voru niðurstöður þær að fara strax í 36 stunda vinnuviku frá 1. janúar. Eftir starfsdaginn fór mikill tími í að útfæra styttinguna. Það var ekki létt verkefni því ekkert fjármagn fékkst fyrir styttingu og áttum við að keyra á þeim mannskap sem við höfðum. Þann 23. apríl fórum við í endurmat og fengum Herdís Storgard með skyndihjálparnámskeið fyrir allan hópinn. Menntamót allra starfstöðva SFS var 10. maí og var það rafrænt. Við vorum með erindi þar og gerðum myndband um námsviðin okkar eins og kemur fram í innganginum. Við hlýddum á allskonar erindi sem voru mjög áhugaverð. Þetta var virkilega fagleg ráðstefna og eiga þau sem stóðu að þessu hrós skilið.

Nokkrir kennarar fóru á námskeið Barnaheilla um vináttuverkefnið Blæ sem við höfum verið að innleiða hér. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku þátt í hópumræðum á netinu sem heitir Lærdómssamfélag leikskólastjóra, einnig var eins hópur búinn til fyrir sérkennslustjóra sem sérkennslustjórinn okkar tók þátt í. Sérkennslustjóri fór á námskeið í EFI (málþroskapróf), AEPS (þroskamæling út frá ákveðnum viðmiðum) og atferlisþjálfun. Tveir kennarar sóttu námskeið í PECS sem er myndrænt tjáningarform. Einn kennari sótti námskeið í TEACH sem er skipulögð kennsla og annar í atferlisþjálfun. Einn kennari fór á námskeið í TMT. Aðstoðarleikskólastjóri var tengiliður fjölmennningar og sótti fundi rafrænt og í raunheimum, þar var meðal annars kynnt efni sem nefnist hæfnisrammar en það er ætlað fjöltyngdum börnum. Miðja máls og læsis bauð upp á námskeið í málörvun á TEAMS og það voru þó nokkuð margir hér hjá okkur sem tóku þátt í því. Reykjavíkurborg bauð einnig upp á fjölmörg stutt erindi í miðju Covid um andlega líðan sem margir hlustuðu á og kom sér vel á erfiðum tímum. Deildarstjórar fengu sérstaka handleiðslu sem Guðný Reynisdóttir sá um en hún er frá Mannauðsdeild Reykjavíkurborgar. Það stendur ennþá yfir.

Við sóttum eftir sálfræðiþjónustu frá Domus Mentis fyrir starfsmannahópinn þar sem þetta hefur verið krefjandi vetur og erfið mál sem hafa komið upp, þá er nauðsynlegt að fá aðila með fagþekkingu til aðstoðar. Það var mikil fræðsla í boði á þessum vetri. Við reyndum eftir



fremsta megni að kynna það sem var í boði og gáfum kennurum tækifæri að sækja það sem þeir gátu.



13 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sæmundarskóli og Ingunnarskóli eru hverfissskólar Geislabaugu og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2004. Elstu börnin fara einu sinni í mánuði í heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem þau verða nemendur í. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Ingunnarskóla og lesa upp úr bókum fyrir börnin í Geislabaugi.

Á haustmánuðum hittast fulltrúar beggja skólastiga og endurmeta og skipuleggja samstarfið. Einnig koma kennarar í fyrsta bekk grunnskóla til okkar á vorin og fara yfir öll börnin sem eru væntanleg til þeirra. Raða í bekk og eru svo með sérstakan fund er varða öll sérkennslubörn.

14 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við skólann og eru tveir fulltrúar í ráðinu. Æskilegt er að þeir séu þrír en einn hætti í ráðinu s.l. vetur og ekki hefur verið haldinn fundur vegna covid síðan. Þeir eru kosnir á aðalfundi sem haldinn er í október ár hvert. Foreldraráðið fer yfir ársáætlanir og gefur leikskólanum umsögn. Einnig hefur sumarlokunin verið kynnt þeim til samþykktar.

Foreldrafundir eru að hausti og oftast í október og þá er jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins.

Einnig eru kallaðir til fundir ef einhverjar mikilvægar breytingar eiga sér stað. Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári í nóvember og apríl. Sú nýbreytni var í ár að boðið var upp á foreldrasamtal með fjarfundi á Teams eða í síma. Það var gert út af samkomutakmörkunum og gekk það mjög vel. Verður örugglega boðið upp á það aftur eða sem val foreldra.

Foreldrafélagið hefur í góðri samvinnu við okkur séð um sveitaferð skólans og jólaföndur á hverju ári. Einnig hafa þau stutt skólann með gjöfum s.s. myndavélum, leikföngum og öðru sem nýst hefur vel. Boðið hefur verið upp á leiksýningar, tónleika o.fl.

15 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2021-2022 verða sex í heildina. Þeir verða eftirtalda daga: 17. september, 22. október, 26. nóvember, 3. janúar, 7. febrúar og 3. júní.



16 Fylgigögn

16.1 Fylgiskjal 1 – Dagskrá samstarfs leikskóla og grunnskóla

Tengiliðir:

Elísabet frá Sæmundarskóla.

Þóra Dögg frá Geislabaugi - Sólin

Elísabet (Lísa) frá Reynisholti - Stjörnulundur

Hrafnhildur frá Reynisholti

Elín Ósk frá Maríuborg

Karen Rún frá Fjósinu

elisabet.gestsdottir@rvkskolar.is

thora.dogg.gudmundsdottir@rvkskolar.is

elisabet.armannsdottir@rvkskolar.is

hrafnhildur.hlin.hjartardottir@rvkskolar.is

elin.osk.gudmundsdottir@rvkskolar.is

karen.run.helgadottir@rvkfri.is

Símanúmer

Sæmundarskóli 411-7848

Reynisholt 517-5560

Geislabaugur 411-3860

Maríuborg 411-3806

Fjósið 664-7722

Fjöldi barna:

24 frá Reynisholti

15 frá Geislabaug

2 frá Maríuborg

? utan hverfis

Þrír hópar:

Hópur 1: Geislabaugur

Hópur 2: Reynisholt + Maríuborg

Hópur 3: Reynisholt

Tími:

Fimmtudagur milli klukkan 10:00-11:00 Leikskólabörn geta verið mætt fyrr á skólalóðina og verið í frímínútum með yngsta stiginu. Frímínútur eru frá 9:35-10:00. Börnin koma inn um inngang hjá íþróttahúsi og hengja af sér fötin þar. Kennslan fer fram á svæði 3. bekkjar (sem er svæðið niðri í miðjunni).

27. ágúst - áætlun undirbúin

3. september - áætlun undirbúin

10. september - fundur í Sæmundarskóla með öllum sem koma að verkefninu.

17. september – **Hópur 1** gengur um skóla með forskólakennara

24. september – **Hópur 2+3** ganga um skóla með forskólakennara

1. október - **Hópur 2** umræður og nafnspjald, undirbúið í word

8. október – **Hópur 1** umræður og nafnspjald, undirbúið í word

14. okt - kl 10:00- 11:00

1. Bekkur í Sæmundarskóla heimsækir gömlu leikskólana sína.

Kennarar í 1. bekk eru Elín Sigríður, Guðríður (Dóra) og Hólmfríður (Fríða). Börn sem koma utan hverfis koma líka í heimsókn á þessa hverfisleikskóla.

15. október – **Hópur 3** umræður og nafnspjald

22. október – **vetrarleyfi í Sæmundarskóla**

29. október – **Hópur 1** - skólabarnið



5. nóvember – **Hópur 2** - skólabarnið
 12. nóvember – **Hópur 3** - skólabarnið
 16. nóv kl 10:35- 11:35 Dagur íslenskrar tungu. **7. bekkur Sæmundarskóla heimsækir Reynisholt** og les fyrir nemendur þar. Kennarar sem kenna 7. bekk íslensku eru Hulda Dögg Proppe, Eydís Hörn Hermannsdóttir og Álfheiður Ingólfssdóttir.
 19. nóvember – **Hópur 1** – skólataskan
 26. nóvember - **Hópur 2** – skólataskan
 3. desember – enginn tími
 Helgileikur sennilega vikuna 7.-11. des??. Öll börn á leikskólanum fædd árið 2015 eru velkomin á leikrit.
 17. desember – **Jólafrí**

2021

7. janúar – **Hópur 3** Skólataskan
 14. janúar – **Hópur 1** nestisbox og brúsi
 21. janúar – **Starfsdagur í Sæmundarskóla, tími fellur niður**
 28. janúar - **Hópur 2** nestisbox og brúsi
 4. febrúar – **Hópur 3** nestisbox og brúsi
 11. febrúar – **Hópur 1** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju
 18. febrúar - **Hópur 2** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju.
 25. febrúar – **Hópur 3** Samvinnuverkefni – allir saman gera eina stóra manneskju.
 4. mars – **Vetrarleyfi í Sæmundarskóla, tími fellur niður**
 11. mars – **Hópur 1** listgreinar, spjaldtölvur og borða í hádeginu
 18. mars – **Hópur 2** listgreinar, spjaldtölvur og borða í hádeginu
 25. mars – **Hópur 3** listgreinar, spjaldtölvur og borða í hádeginu
 29. mars – 5. apríl **Páskafrí**
 8. apríl – **Hópur 1** - Íþróttahús, sögustund + viðurkenning
 15. apríl – **Hópur 2 og 3** – Íþróttahús, sögustund + viðurkenning
 22. apríl – **sumardagurinn fyrsti**
 29. apríl – **Hópur 1** – Heimsókn í Fjósið
 6. maí- **Hópur 2** – Heimsókn í Fjósið
 13. maí – **Uppstigningardagur**
 20. maí – **Hópur 3** – Heimsókn í Fjósið



16.2 Fylgiskjal 2 – Skóladagatal 2021-2022



Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

Geislabaukur

	AGOST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 P	1 P	1 F	1 S	1 M
2 M	2 F	2 L	2 P	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 L	2 M	2 F
3 P	3 F	3 M	3 M	3 F	3 S	3 M	3 F	3 F	3 S	3 P	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 P	4 P	4 F	4 F	4 M	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 P	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 L	5 P	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 M	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L	7 P	7 F	7 S	7 P	7 F	7 F	7 M	7 F	7 F	7 L	7 P
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 P	8 P	8 P	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 F	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 L	9 M	9 F
10 P	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 P	10 P	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 P	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L	11 L
12 F	12 S	12 P	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 L	12 P	12 F	12 S
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 F	13 M
14 L	14 P	14 F	14 S	14 P	14 F	14 M	14 M	14 P	14 L	14 L	14 P
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 P	15 P	15 F	15 S	15 M	15 M
16 M	16 F	16 L	16 P	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 P	16 F	16 P
17 P	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 P	17 P	17 F
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 P	18 F	18 F	18 M	18 L	18 M	18 L
19 F	19 S	19 P	19 M	19 S	19 M	19 L	19 L	19 P	19 F	19 F	19 S
20 P	20 M	20 F	20 L	20 M	20 F	20 M	20 S	20 M	20 P	20 M	20 M
21 L	21 P	21 F	21 S	21 M	21 L	21 P	21 M	21 M	21 F	21 L	21 P
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 S	22 P	22 P	22 L	22 F	22 S	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 M	23 S	23 M	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 P	24 F	24 M	24 M	24 F	24 P	24 F	24 F	24 F	24 P	24 P	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 M	25 S	25 P	25 F	25 M	25 F	25 M	25 L
26 F	26 S	26 P	26 M	26 L	26 M	26 L	26 L	26 P	26 F	26 F	26 S
27 L	27 P	27 F	27 S	27 M	27 F	27 P	27 S	27 L	27 M	27 M	27 M
28 S	28 M	28 F	28 P	28 S	28 F	28 M	28 M	28 P	28 F	28 L	28 P
29 P	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 L	29 L	29 P	29 F	29 S	29 M
30 M	30 L	30 P	30 F	30 M	30 S	30 M	30 M	30 L	30 P	30 M	30 F
31 P	31 S	31 M	31 F	31 M	31 L	31 P	31 P	31 F	31 M	31 P	31 P

I reglum um leikskólaþróun segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þríf þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsleiks eða frídagar nemenda í grunnskólum en þríf gæta verið ymist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Þótt sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar lána að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólaþjón ákveður, að hofu samráði við starfsmen og bókendur, viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða í öðrum samráði. Til þess tuttugu virka daga. Stefna skóla- og fríundaravís er að í hverju hvern leikskólaþjónið leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til nægðis við fjölskyldur í Reykjavík. Geislabaukur verður með sumarið 6. júlí - 3. ágúst 2022

16.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Síðasti vetur var háður takmörkunum vegna Covid-19 og litaði það starfið á Geislabaugi eins og á öðrum leikskólum. Á tímabili gátu foreldrar ekki farið inn á leikskólann og starfsfólk tók á móti börnunum í dyragættinni. Allir foreldraviðburðir s.s. foreldrakynningar, foreldrakaffi og opið hús féllu niður. Foreldraviðtöl voru í gegnum netið á Zoom. Það er óhætt að segja að starfsfólk Geislabaugis hafi leyst þessar áskoranir af ró og yfirvegum og skynsemi látin ráða för.

Innra mat fer reglulega fram og getur starfsfólk komið með ábendingar. Ytra mat fór fram með rafrænni viðhorfskönnun til foreldra og starfsfólks. Á heildina séð kemur matið vel út. Tækifæri stjórnenda og starfsmanna til umbóta eru metnaðarfull og spennandi. Ný námsskrá, sameiginleg sýn á félagsfærni, stuðla að jákvæðu andrúmslofti og efla móttöku nýrra starfsmanna.

Eitt af séreinkennum Geislabaugis eru uppeldisfræðilegar skráningar sem starfsfólkið gerir með börnunum. Samtöl við börnin eru skráð orðrétt og myndum af þeim með verkefni sínu er síðan safnað í möppu sem barnið tekur með sér þegar það hætir á Geislabaugi. Þetta er tímafrek vinna fyrir starfsfólkið en alveg ómetanleg fyrir börn og foreldra. Það er ánægjulegt að það er áhugi fyrir frekari skráningavinnu með börnunum.

Starf með málhljóðin út frá *Lubbi finnur málbein* heldur áfram og ætla deildir að prófa að skipta málhljóðunum á milli sín. Vináttuverkefnið *Blær* heldur einnig áfram í vetur og hafa fleiri farið á námskeiðið. Það tekur tíma að innleiða svona verkfæri og starfsfólk Geislabaugis virðist ganga vel á þeirri vegferð. Starfsfólk fór á námskeið um jákvæðan aga og virðist almennt áhugasamt fyrir því að vinna með það í vetur. Það verður spennandi að fylgjast með því.

Listasmiðja var áfram starfrækt en þurfti að loka fyrir áramót vegna samkomutakmarkana og sóttvarnareglna en gat svo opnað á vormánuðum. Í listasmiðju starfar einn kennari og hver deild fær þar einn dag í viku. Ómetanlegt er að markvisst sé unnið með listnámi. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og ríkir almenn ánægja með það.

Fjölbreytt, skemmtilegt og vel skipulagt starf er í kringum elstu börnin en sú nýbreytni var tekin upp á síðasta ári að hafa verkefnastjóra yfir meistarastarfinu. Metnaður er lagður í að ýta undir þroska barnanna. Samstarf milli skóla í hverfinu er gott og fara elstu börnin í heimsóknir í tilvonandi grunnskólann sinn sem er frábær undirbúningur fyrir áframhaldandi nám. Einnig er samstarf við íþróttafélagið Fram sem býður upp á æfingu einu sinni í viku fyrir elstu börnin.

Facebook síður eru fyrir foreldrahópa hvernar deildar og þar er m.a. minnt á ferðir. Vikulegir tölvupóstar koma frá deildarstjórum í gegnum Völu appið þar sem farið er yfir tíðindi vikunnar. Í Völu er einnig að finna matseðil og þar er hægt að skrá barn í leyfi. Geislabaugur er með Instagram síðu þar sem sjá má myndir af börnunum við leik og störf. Það gleður foreldra að sjá myndir og fá fréttir af starfinu.

Ráðist var í styttingu vinnuvikunnar sem er jákvætt fyrir starfsfólkið en það er áhyggjuefni að ekkert fjármagn hafi fylgt með þeirri breytingu. Það hlýtur óhjákvæmilega að bitna á þjónustunni við börnin. Vonandi sér Reykjavíkurborg að sér og bætir úr því.

Það er augljóst að mikið álag hefur hvílt á starfsfólkinu undanfarin misseri vegna takmarkana Covid-19. Það hefur staðið sig vel í að láta aðstæðurnar sem minnst bitna á börnunum. Reglum um sóttvarnir var fylgt í hvívetna og stundum gengið skrefinu lengra. Starfsfólk Geislabaugs á sérstakt hrós skilið og eru foreldrar vongóðir um að geta aftur tekið þátt í leikskólastarfi barnanna sinna á komandi vetri.

Leikskólinn Geislabaugur væri ekki svona góður staður fyrir börnin að dvelja á ef ekki væri fyrir allt það jákvæða, hugmyndaríka, lausnamiðaða og metnaðarfulla starfsfólk. Við í foreldraráði teljum starfið á Geislabaugi til fyrirmyndar. Starfsáætlun 2021-2022 ber þess merki að starfið sé metnaðarfullt, skynsamt og raunhæft.

Reykjavík
September 2021

F.h. foreldraráðs

Elín Sigríður Sævarsdóttir
Garðar Kristinsson

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

